



Greinargerðir um Útvegsbankann

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Dómsmálaráðherra – Menntamálaráðherra – Útvegsbankinn –
Landsbankinn – Efnahagsmál

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-19, Örk 7

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

20/10'55

Á þessu ári hafa nokkrum sinnum átt sér stað viðræður milli Landsbankans og Útvegsbankans um yfirdráttarskuld Útvegsbankans við seðlabankann.

Þessi skuld var þann 31/12. 1954 32,6 millj. kr. Á miðju ári, eða þann 30/6. '55. var skuldin 26,3 millj.kr.

Hafði þá nokkru áður, eða í maí-mánuði, verið rætt um málið milli bankastjóra beggja bankanna og Landsbankastjórnarnir óskað eftir því að skuldin færi að jafnaði ekki upp úr 20 millj.kr.

Nú er svo komið, að þessi skuld er um 45 millj. kr. og stundum þar yfir. Af þessu tilefni var fundur haldinn milli bankastjóra beggja bankanna þ. 10. okt. og lögðu bankastjórar Landsbankans þá fram áætlun um það, hvernig skuldina bæri að greiða. Í henni felst, að skuldin verði að fullu greidd í árslok 1957. (Sbr. fskj. nr. L).

Hétu bankastjórar Útvegsbankans því að taka til rækilegrar athugunar þessa áætlun Landsbankastjórnarinnar og gera síðan grein fyrir möguleikum Útvegsbankans til að verða við óskum Landsbankastjórnarinnar.

Eftir mitt þetta ár fór mjög að þyngjast fyrir bankanum og hækkaði skuldin við Landsbankann ört. Á sama tíma var lagt kapp á það af bankastjórum Útvegsbankans að draga svo sem verða mátti úr útlánum og beindist sá samdráttur fyrst og fremst að verzluninni. Skal það tekið fram, að ekki var talið símabært

að beita neinum aðgerðum í þessu efni gegn útgerðinni.

Gert hefir verið yfirlit um útlán bankans fyrri árs-
helminginn til 30/6. og síðan til 31/8. Einnig var óskað eftir
skýrslu um flokkun útlánanna hjá Landsbankanum til samanburðar.

Yfirlit um útlán Útvegsbankans á þessu ári og samanburður
við útlán Landsbankans fylgir hér með á forskj. LL og III.

Af þessum yfirlitum sést m.a.:

- I. Nærri öll útlánaaukning Útvegsbankans fyrri árs-
helming er í sjávarútvegi, eða 92,5 %.
- II. Miðað við 31/8. hafa útlán Útvegsbankans til verzlunar
frá áramótum lækkað um 3,7 millj. kr. og staðið í stað
til iðnaðar. En útlánin í verzlun lækkaðu í júlí og
ágúst um 10,8 millj. kr.
- III. Útlánaaukningin í sjávarútvegi frá áramótum til 31/8.
er alls 79,6 millj. kr. Þar af eru endurseldir víxlar
til seðlabankans vegna lána út á útflutningsafurðir
sjávarútvegsins 36,0 millj. kr. Útlánaaukning beint
frá bankanum sjálfum er þá 34,6 millj. kr.

Má af framangreindu vera ljóst, að erfiðleikar Útvegsbankans
til þess að greiða skuld sína við seðlabankann stafa af auknum
útlánnum til sjávarútvegsins umfram það, sem seðlabankinn endur-
kaupir af þessum lánnum.

Ef gerður er samanburður á útlánnum bankans 1954 og 1955
til sjávarútvegs, máauðina júní, júlí og ágúst, umfram þau lán
sem endurseld eru, kemur í ljós að þessi lán eru miklu hærri
nú en áður, eða þessu hærri nú en í fyrra:

í júní 12,6 millj. kr.

í júlí 27,6 " "

í ág. 33,2 " "

Leiðir þetta af alkunnum erfiðleikum sjávarútvegsins almennt sem og bátagjaldeyrisfyrirkomulaginu sérstaklega.

Athugun á aðstöðu Útvegsbankans mánuðina júlí-ágúst, er skuldin við Landsbankann hækkar mest, sýnir að það er ekki um neina útlánaaukningu að ræða af hálfu aðalbankans, umfram smávegis útlán á hlpr., sem mest er til sjávarútvegs. Hinsvegar taka þá útibúin til sín 20,4 millj. af fjármagni bankans. Vestmannaeyjaútbúið 15,8 millj. kr. og Akureyrarútbúið 4.m.kr. Er þar enn að leita orsakanna til sjávarútvegsins (m.a. síldveiða). En þetta er hér framsett vegna þess að bankastjórar Útvegsbankans höfðu gerð ráð fyrir því við bankastjóra Landsbankans, að hækkun sú á yfirdráttarskuldinni, sem veitt var í júlí, mundi fljótt geta endurgreiðst, en svo hefir ekki orðið. Hafa þó bankastjórar Útvegsbankans gert sér allt far um að verða við tilmælum Landsbankans varðandi samskipti bankanna.

Hér skulu enn raktar tvær meginorsakir til greiðsluerfiðleika bankans.

Á árinu 1954 tók bankinn á herðar sér, með samningi við ríkisstjórnina, að veita umbeðin lán til raforkuframkvæmda og símar til íbúðabygginga, og er það nýr þáttur í lánastarfsemi bankans. Nema þessi lán á þessu ári um 10 millj. kr.

Þegar Útvegsbankinn tók þessar skuldbindingar á sig, hafði hann fyrirvara um það, að sparifjáraðning bankans héldi áfram. Á þessu hefir hinsvegar orðið mikil breyting.

Sparifjáráukning bankans var:

1953	- 32,7	millj. kr.
1954	- 31,1	" "
1955 til 30/9.	- 19,5	" "

En athygli skal vakin á því, að á árinu 1954 lækkuðu spariinnlán í bankann frá 30/9. til 31/12. um 3 millj. kr. - og þó er bætt við innlánin vöxtum í árslok, sem nemur rúmum 5 m.kr.

Í öðru lagi hefir bankinn bæði gagnvart ríkisstjórn og Landsbankanum vakið athygli á þeim erfiðleikum, sem bankinn hefir af hinum miklu og öru bátabyggingum, sem nú eru í framkvæmd. Fiskiveiðasjóður átti um áramótin síðustu 17 millj. kr. innstæðu í bankanum. Þessi innstæða hefir minnkað um 3,4 millj. kr. pr. 30/9. frá áramótum, en auk þess hefir bankinn veitt bráðabyrgðalán á þessu ári, vegna væntanlegra lána Fiskiveiðasjóðs, sem nema 6,2 millj. kr. Framundan eru nú alveg á næstunni svo órar lánveitingar úr Fiskiveiðasjóði til bátabygginga og bátakaupa, að fram úr þeim vanda verður ekki ráðið nema sjóðurinn fái sem fyrst stóraukin framlög eða lán. Og víst er um það, að einmitt á næstu tveim árum hverfur með öllu innistæða Fiskiveiðasjóðs í bankanum og má ljóst vera hver áhrif það hefir á greiðslugetu bankans.

Þess ber ég að minnast, að í yfirdráttarskuldinni við seðlabankann eru 10 millj. kr. sem til var stofnað, er viðskipti olíufélaganna fluttust til Sovjetríkjanna, og hafa aðstæður ekki breyzt svo að hægt sé að krefjast greiðslu þessarar skuldar, nema síður sé, svo sem Læðsbankanum er kunnugt um.

Loks skal á það bent, að Útvegsbankinn hefir um langan tíma verið í yfirdráttarskuld hjá Landsbankanum og hefir þess því verið vænt, að ekki yrði krafð um greiðslu slíkrar skuldar að fullu, fyrirvaralítið.

Niðurstöður bankastjóra Útvegsbankans eru þessar:

1. Meginhluti yfirdráttarskuldarinnar við Landsbankann stafar af erfiðleikum sjávarútvegsins. Varðandi þann þátt málsins teljum við óhjákvæmilegt að slá á frest samningum um endurgreiðslu, þar til séð verður um ráðstafanir vegna bátagjaldeyris og reksturs togaraútgerðar af hálfu ríkisstjórnar og Alþingis.
2. Að öðru leyti væntir bankinn þess, að samkomulag geti orðið um greiðslu skuldarinnar á löngum tíma og með hliðsjón af viðskiptaaðstöðunni við útlönd (sbr. olíu-
verzlun og verzlunina).

Stjórn Útvegsbankans tekur að lokum fram, að hún metur fyllilega þann skilning, sem stjórn seðlabankans hefir sýnt bankanum að undarförnu. Þess vegna væntir stjórn Útvegsbankans þess einnig nú, að fallist verði í meginatriðum á þau sjónarmið, sem hér að framan eru rakin.

Aukning útlána og verðbréfa
Sparisjóðsdeildar Landsbankans og Útvegsbankans
31/12 1954 - 31/10 1955

<u>Í millj.kr.</u>	<u>Landsbanki</u>	<u>Útvegsbanki</u>
Landbúnaður.....	56,9 22,0%	0,3 0,4%
Sjávarútvegur.....	90,2 34,9%	76,9 92,4%
Verzlun.....	54,8 21,2%	0,3 0,4%
Iðnaður.....	5,8 2,2%	1,2 1,4%
Samgöngur.....	0,4 0,2%	- 0,3 - 0,4%
Húsbyggingar.....	7,4 2,9%	3,6 4,3%
Bankar og sparisjóður..	0,3 0,1%	0,3 0,4%
Ríkissjóður.....	22,4 8,7%	3,4 4,1%
Bæjar-og sveitarfélög..	9,3 3,6%	- 1,2 - 1,5%
Ýmislegt.....	5,8 2,3%	- 1,2 - 1,5%
Óflokkað.....	4,9 1,9%	
	258,2 100%	83,3 100%

14. des. 1955.

Af gefnu tilefni viljum vér láta hestvirtu sjávarútvegsmálaráðuneyti í té eftirfarandi upplýsingar, í sambandi við vaxtakjörflána til útgerðarinnar:

Aðalfundur L.I.Ö. hefir nú sem áður beint þeim áskorunum til hestv. ríkisstjórnar, að hún stuðli að því að Útvegsbankinn veiti útgerðarmönnum rekstrarlán með 5% vöxtum fyrstu 6 mánuðina út á 45% gjaldeyrisréttindanna og rekstrarlán, sem tryggð eru með veði í afla og 5 1/2% eftir það.

Vér höfum marg benti á, að seðlabankinn endurkaupi ekki umrædd lán. Aðstaða Útvegsbankans er slík, að hann hefir orðið að afla sér yfirdráttarláns hjá seðlabankanum til þess að geta snt þessum og öðrum lánaþörfum útgerðarinnar - en af þessu yfirdráttarláni verður Útvegsbankinn að greiða í vexti 7 1/2%, reiknað mánaðarlega.

Með engri sanngirni verður til þess stlast, að bankinn láni útgerðinni síðan aftur með miklu lægri vöxtum, en að sjálfsögðu eru þessi lán til útgerðarinnar áhættulán og sem oft og einatt hafa bundist til margra ára.

Vér látum hér með fylgja til skýringar yfirlit yfir útlánaaukningu Útvegsbankans frá 31/12. 1954 - 31/10. 1955 - flokkaða eftir tegundum lána:

- frh -

I milli. kr:

Landbúnaður.....	0,3	0,4%
Sjávarútvegur.....	76,9	92,4%
Verzlun.....	0,3	0,4%
Iðnaður.....	1,2	1,4%
Samgöngur.....	- 0,3 -	0,4%
Húsbyggingar.....	3,6	4,3%
Bankar og sparisjóður...	0,3	0,4%
Ríkissjóður.....	3,4	4,1%
Bæjar-og sveitarfélög...	- 1,2 -	1,5%
Ímislegt.....	- 1,2 -	1,5%
	<u>83,3</u>	<u>100%</u>

Verður af þessu séð að útlánsaukning bankans á þessu ári er nær einvörðungu í sjávarútvegi, eða 92,4%. Af heildarlánum bankans voru 45,6% í sjávarútvegi um síðastliðin áramót og er það svipað hlutfall og að jafnaði hefir verið undanfarið.

Önnur útlánsaukning er aðallega til húsbygginga og raforkulána (ríkissjóður) hvorttveggja eftir samkomulagi við hestvirta ríkisstjórn.

Útlánnum til verzlunar og lánaðar hefir hinsvegar verið haldið niðri - þrátt fyrir mjög miklar kaupþekkanir og verðbólgu á árinu. En saskv. l. gr. laga um Útvegsbanka Íslands h/f., er það hlutverk bankans sérstaklega að styðja sjávarútveg, lánað og verzlun landsmanna.

Vér viljum taka fram, að vér höfum af gefnu tilefni frá Sölumiðstöð Hraðfrystihúsanna bent fulltrúum þeirra samtaka á, hversu Útvegsbankinn hefir lagt hart að sér að reyna að mæta lánaþörf útgerðarinnar.

Hinsvegar verða menn að gera sér ljóst, að þar sem Útvegsbankinn er nú mjög ítrekað krafinn endurgreiðslu yfirdráttarlánsins hjá Seðlabankanum, sem nemur yfir 40 milljónum króna, þá hlýtur slíkt að hafa mjög afdrifarík áhrif á aðstöðu bankans til útlána í þágu útgerðarinnar, að óbreyttum kringumstæðum.

Vér höfum gert fulltrúum útgerðarmanna framangreind atriði ljós - svo alvarleg sem þau eru, þó að önnur atriði, sem þeim eru miklu veigamikil, séu látin sitja í fyrirrúmi í ályktunum, þegar fundir eru kvæddir saman.

Virðingarfyllt,
ÚTVEGSBANKI ÍSLANDS H/F.

Til Sjávarútvegsmálaráðuneytisins,
Reykjavík.

14. des. 1955

Af gefnu tilefni leyfum vér oss að senda hæstvirtum bankamálaráðherra meðfylgjandi greinargerðir og yfirlit um útlán Útvegsbankans h.f. og vaxtakjör:

1. Greinargerð til Landsbankans, varðandi yfirdráttarlán hjá seðlabankanum, dags. 20/10. 1955.
2. Samanburð á aukningu útlána og verðbréfa sparisjóðsdeildar Landsbankans og Útvegsbankans á þessu ári, sundurliðað eftir lána-flokkum.
3. Greinargerð varðandi vaxtakjör og útlánamöguleika til útgerðarinnar dags. 14/12. 1955.

Virðingarfyllst,
ÚTVEGSBANKI ÍSLANDS H/F.

Til hæstv. bankamálaráðherra,
Reykjavík.